

Stjórnarfundur 11. janúar 2017

Mættir: Gunnrún, Herdís, Anna, Guðný Ósk, Kristín, Munda, Guðný M., Dúna, Guðrún, Sigurþór, Hilmar, Steindór, Sibba, Harpa.

1. Lyngby

Ferðaskipulag á hreinu farið á fimmtudegi og komið heim á mánudegi. Gist á sama hóteli og í fyrra. Sundmenn að standa við sitt t.d. varðandi mætingar. Rætt um að fara á annað mót á næsta ári og breyta til þar sem þetta er í annað skiptið sem við förum til Lyngby.

2. Speedmót

Þarf að fara að minna á mótið. Falur er í því að ganga frá matarmálum en það verður boðið upp á mat í hádeginu. Hilmar sér um að panta verðlaun og athuga hvort það sé til nóg af riðlaverðlaunum. Rætt um stungugjöld.

3. ÍM50

Mótið er 7.-9. apríl í Reykjavík.

Foreldrafundur miðvikudaginn 1. mars. Skipulag fjáröflunar (auglýsingar) og skráning fararstjóra. Einnig þarf að fá fólk í fjáröflunarnefnd.

4. Sundþing

10.-11. mars. Formenn taka daginn frá og þeir stjórnarmenn eða þjálfarar sem hafa áhuga á að mæta. Mikilvægt að ræða greinar á AMÍ sem eru allt of takmarkaðar að mati stjórnar.

5. Skráningar í NORA.

Gjaldkerar ítreka að það verður að passa upp á að sundmenn séu skráðir inn í kerfið þegar þeir byrja að æfa. Æfingagjöld er ekki hægt að rukka ef ekki er búið að skrá sundmenn.

Rætt um þjálfaramál næsta árs og að rætt verði við þá fljótlega um skipulag næsta tímabils.

Jóhanna Sigurjónsdóttir ætlar að taka að sér Gullfiska í Heiðarskóla.

6. Önnur mál

Búið er að samþykkja fjárúthlutun til þess að laga sal niðri í sundmiðstöð til þess að útbúa þrekaðstöðu.

Tillaga lögð fram að fá íþróttasálfræðing eða annan aðila til þess að ræða við sundmenn um fyrir sundmenn og svo ef til vill líka fyrir þjálfara. Hugsanlega hægt að fá styrki til þess að fá